

Hellismenn ehf.
Engilbert Olgeirsson
Nefsholti
851 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Hellu, 20. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700160/ie

Borun eftir köldu vatni við Landmannahelli, innan Friðlands að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun hefur borist beiðni um leyfi til framkvæmda vegna borunar eftir köldu vatni við Landmannahelli, sem er innan Friðlands að Fjallabaki. Umsækjandi er Engilbert Olgeirsson, f.h. rekstraraðila ferðaþjónustu í Landmannahelli; Hellismanna ehf. og Veiðifélags Landmannaafrettar.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt umsókninni eru í dag nýttar tvær holur, sem boraðar voru fyrir um 20 árum síðan, en svo virðist sem vatnsmagn í þeim fari minnkandi. Mikilvægt er að nægt vatn sé á staðnum og því er óskað eftir því að fá að fara í umrædda framkvæmd.

Staðurinn sem umsækjendur sækja um að bora á er í gilkjafi fyrir ofan hestagerðin, skálann Sómastaði og nýjan landvarðaskála Umhverfisstofnunar. Álitlegt er talið að fara með borinn upp frá skálunum tveimur, á umræddan stað; um 100 m ofan Sómastaða. Þar er lítt gróinn melur, sem lítið eða ekkert ætti að sjá á þó farið verði með beltabor á staðinn.

Umsækjandi hefur skoðað staðinn með Ingibjörgu Eiríksdóttur svæðalandverði Umhverfisstofnunar, og með umsókninni fylgja ljósmyndir sem þá voru teknar.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Friðlands að Fjallabaki er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 5. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 354/1979.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina vera til bóta fyrir aðstöðuna við Landmannahelli; bæta aðgengi að nægu fersku vatni.


Áhersla er lögð á að gæta ítrustu varkárni þegar farið verður með vinnuvélar utan vega á borunarstað. Rakað og/eða sópað verði yfir möguleg för. Með þeim hætti áætla Umhverfisstofnun að framkvæmdin hafi ekki í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Skilyrði:


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Hellismönnum ehf. og Veiðifélagi Landmannaafrettar leyfi til að bora eftir vatni á umræddum stað við Landmannahelli (ofan Sómastaða, nánar tiltekið). Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal samband og samráð við svæðalandvörð Umhverfisstofnunar á Suðurlandi, Ingibjörgu Eiríksdóttur, í s. 822-4034. Vinna við framkvæmdina skal fara fram í samráði við hana, og mun hún, f.h. stofnunarinnar, hafa eftirlit með verkinu.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki, með virðingu fyrir náttúrunni í huga.
- Frágangi öllum verði þannig háttáð að sem minnst beri á framkvæmdinni.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik, ef einhver verða, frá ofangreindri verklýsingu.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri



Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur